

Því úrskurðast:

Úrskurði fúgetaréttarins í máli þessu, uppkveðnum 31. júlí 1946, skal ekki fullnægt.

Málskostnaðarkrafa Húsaleigunefundarinnar í Reykjavík verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 24. september 1948.

Kærumálið nr. 7/1948. S/f Hvítanes og Gústaf A. Sveinsson
gegn

Péttri Ketilssyni og Valdimar Þorsteinssyni.

Vitnaskylda lögmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 5. júní s. l., sem hingað barst 23. s. m., hafa sóknaraðiljar skotið til hæstaréttar úrskurði borgardómarans í Reykjavík, upp kveðnum 5. júní þ. á., þar sem sóknaraðilja Gústaf A. Sveinssyni er úrskurðað skylt að koma fyrir dóm sem vitni í máli sóknaraðilja s/f Hvítaness gegn varnaraðiljum. Sóknaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og þeim dæmdur kærumálskostnaður að skaðlausu úr hendi varnaraðilja. Varnaraðiljar gera þær kröfur, að úrskurður borgardómara verði staðfestur og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðiljar greiði varnaraðiljum kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, S/f Hvítanes og Gústaf A. Sveinsson, greiði varnaraðiljum, Péttri Ketilssyni og Valdimar Þorsteinssyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. júní 1948.

Mál þetta hefur Jón framkvæmdastjóri Guðmundsson, hér í bæ, f. h. Hvítaness s/f, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 8. janúar s. l. gegn þeim Péttri trésmið Ketilssyni, Háteigsvegi 4 og Valdimar G. Þorsteinssyni trésmið, Barónsstíg 41, báðum hér í bænum, til greiðslu skuldar að eftirstöðvum kr. 7838.00 með 6% ársvöxtum frá 30. júní 1947 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar og jafnframt áskilið sér rétt til að krefja stefnanda um kr. 2035.00.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi skýrir svo frá, að siðastliðið sumar hafi hann selt stefndu hermannaskála og fleiri vörur, sem hann átti í Hvítanesi í Kjós, fyrir samtals kr. 12525.00. Kveður hann stefndu hafa greitt kr. 4687.00, en hefur síðan höfðað mál þetta til greiðslu eftirstöðvanna.

Stefndu telja, að kaupverðið hafi numið kr. 12 400.00 og því séu eftirstöðvarnar aðeins kr. 7713.00. Enn fremur halda þeir því fram, að þeir hafi áður en mál þetta var höfðað, boðið stefnanda vöruleifarnar til kaups fyrir kr. 9748.00 og hafi stefnandi tekið því boði. Telja þeir samkvæmt þessu til skuldar hjá stefnanda kr. 2035.00.

Með stefnu útgefinni 21. f. m. var umboðsmanni stefnanda, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, stefnt fyrir dóminn sem vitni í málinu og var þinghald í því skyni ákveðið 3. þ. m. Sótti umboðsmaður stefndu þá þing, lagði fram vitnastefnuna og krafðist þess, að vitnastefndi, sem sótti þing af hálfu stefnanda, kæmi fyrir dóminn sem vitni.

Vitnastefndi skoraðist undan að koma fyrir dóminn. Studdi hann andmæli sín við ákvæði 1. gr. laga nr. 61 frá 1942 og tilskipun 19. júlí 1793 svo og 3. tölulið 126. gr. laga nr. 85 frá 1936. Taldi hann lagaákvæði þessi fela í sér bann við því, að hann svaraði spurningum þeim, er fyrir hann kynnu að verða lagðar.

Umboðsmaður stefndu gat þess, að þeir hafi skýrt svo frá, að vitnastefndi hafi gengið frá kaupum á ákveðnum vörum og kvað vitnastefnu þessa ætlaða til að skýra það nánar. Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu hans.

Framangreind lagaákvæði girða ekki fyrir það, að málflytjanda sé stefnt sem vitni í máli, er hann flytur, og þar eð ekkert er enn upp komið, frekar en að framan greinir, um efni þeirra spurninga, er fyrir vitnastefnda kunna að verða lagðar, þykir rétt að telja honum skylt að koma fyrir dóm sem vitni í máli þessu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurðinn.

Því úrskurðast:

Vitnastefnda, Gústaf A. Sveinssyni hæstaréttarlögmanni, er skylt að koma fyrir dóm í máli þessu.